



ES/sg

Reykjavík, 23. febrúar 2004

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 11. þ.m., bárust þessu embætti til umsagnar frumvarp um breytingu á áfengislögum nr. 75, 1998, 163. mál, aldursmark, og frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki nr. 96, 1995, 164. mál, framlag til Forvarnasjóðs.

Svo sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var á árinu 1995 flutt frumvarp þess efnis að aldursmörk til kaupa og neyslu á áfengi yrðu færð úr 20 ára aldri niður í 18 ára aldur. Í umsögn embættisins, dags. 17. janúar 1996, studdi embættið að þessi lagabreyting næði fram að ganga og var þó í því frumvarpi gengið lengra en nú að því leyti að þá var ekki miðað við að breytingin tæki einungis til áfengis undir 22% að vínandastyrkleika. Embættið er enn sömu skoðunar og mælir með því að það frumvarp sem nú liggur fyrir verði að lögum. Um röksemdir fyrir því er vísað til nefndrar umsagnar embættisins og jafnframt er tekið undir þær röksemdir sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu. Raunar hefði embættið viljað sjá að skrefið hefði verið stigið til fulls og að breytingin á aldursmörkunum væri ekki takmörkuð við léttvín og bjór.

Að því er varðar breytingu á c-lið 3.mgr. 28.gr. þá virðist ekki gert ráð fyrir því að upptækt verði gert sterkt áfengi í fórum þeirra sem eru á aldrinum 18 og 19 ára. Nái frumvarpið fram að ganga er ljóst að slíkt áfengi hefur væntanlega verið selt, veitt eða afhent ungmenninu með ólögumætum hætti. Skv. 5.mgr. 19.gr. skal refsast þeim sem hefur áfengi í vörslu sinni sem látið hefur verið af hendi andstætt lögunum. Til að samræmis sé gætt þyrfti textinn í c-lið 3.mgr. 28.gr. að hljóða á þessa leið: áfengi sem ungmenni yngri en 18 ára hafa undir höndum og áfengi sem hefur meiri vínandastyrkleika en 22% og 18 og 19 ára ungmenni hafa undir höndum.

Að því er varðar breytingu á lögum um gjald af áfengi og tóbaki nr. 96, 1995 skal tekið fram að embættið styður forvarnir í áfengismálum og hefur lagt sitt að mörkum í þeim efnum m.a. með starfrækslu sérstakrar forvarnadeildar.

  
saksóknari

Til  
Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík